

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 40.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 40.00 á skrifstofu rafveitunnar.

## V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar nr. 15 21. janúar 1961.

*Atvinnumálaráðuneytið 7. ágúst 1963.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

1. **Einstefnuakstur.**

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á Kirkjuvegi frá húsinu nr. 5 að Hellisgötu. Jafnframt er afnuminn einstefnuakstur á götunni frá Reykjavíkurvegi að húsinu nr. 5, sbr. auglýsingu nr. 163 frá 1960.

2. **Bifreiðastöður.**

Bifreiðastöður eru bannaðar á eftirtöldum stöðum:

- a. Meðfram húsi Mjólkurbús Hafnarfjarðar við Lækjargötu.
- b. Á Vesturgötu við húsin nr. 2 og 4.

3. **Aðalbrautir.**

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á gatnamótum Lækjargötu og Öldugötu, þannig að umferð vestur Lækjargötu hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Öldugötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Hafnarfirði, 8. ágúst 1963.*

**Björn Sveinbjörnsson.**